

#### 24. fundur

Samráðsnefndar Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps

Haldinn 30. mars, 2011 í fundarsal Vesturbyggðar á Aðalstræti 63.

Mætt voru: Friðbjörg Matthíasdóttir (FM) formaður, Arnheiður Jónsdóttir (AJ), Ingimundur óðinn Sverrisson (IÓS), Birna Benediktsdóttir (BB), Bjarnveig Guðbrandsdóttir og Ásthildur Sturludóttir (ÁS), bæjarstjóri Vesturbyggðar. Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir (EIS) boðaði forföll.

Ásthildur Sturludóttir, bæjarstjóri Vesturbyggðar ritaði fundargerð.

Auk þess sátu fundinn: Sigurbjörg Ásgeirsdóttir forstöðumaður MEÓ milli kl. 17 og 18: 25. Magnús Ólafsson formaður stjórnar MEÓ og Björgvin Sigurjónsson stjórnarmaður sátu fundinn milli kl. 18:30 til 19:30. Egill Ólafsson boðaði forföll.

Fundurinn hófst kl. 17.

1. Rædd voru Málefni Minjasafnsins á Hnjóti.

a) Sigurbjörg Ásgeirsdóttir, forstöðumaður MEÓ fór yfir málefni safnsins og samskipti við stjórn Minjasafnsins á Hnjóti.

b) Magnús Ólafsson og Björgvin Sigurjónsson fulltrúar stjórnar Minjasafnsins á Hnjóti ræddi málefni safnsins og samskipti við safnstjóra.

Samráðsnefnd Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps lýsir fullu trausti á stjórn MEÓ og styður áætlanir þeirra um leiðir til að taka á rekstrarvanda safnsins og áframhaldandi uppbyggingu þess.

Fleira var ekki rætt og fundi var slitið kl. 19:50.